



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

46. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 6. mars 1980. Fundinn sóttu Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Jón Hólmgeirsson, Ingvar Jóhannsson, Ingólfur Halldórsson, Hreinn Ásgrímsson, Ómar Bjarnþórsson, Jens Sævar Guðbergsson (nýr fulltrúi fyrir Gerðahrepp), Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi Kennara, Ragnar Ragnarsson, fulltrúi nemenda og Valtýr Guðjónsson, ritari. Þetta var tekið fyrir:

1. Bygginganefnd sem tilnefnd var á 45. fundi skólanefndar 31. janúar sl. ákvað að bjóða út tvö verk, - annars vegar smíði og uppsetningu á innréttingu í "Reykjanesi" (svo nefnist svæði á 2. hæð skólans, sem nemendur hafa til félagsmálafélagssamtakanna), hins vegar utanhússmálun á skólahúsinu öllu. Arkitektarnir Hörður Björnsson og Hreggviður Stefánsson sömdu útboðslýsingar. Auglýsingar um verkin voru birtar í Suðurnesjatíðindum og Morgunblaðinu 7. febr. sl. - Tvö tilboð bárust í innréttingaverkefnið, og voru þau opnuð í Almennu verkfræðiskrifstofunni í Reykjavík, mánudaginn 25. febrúar sl. Hlynur og Valdór s.f., Kópavogi bauð kr. 4.820.000, en Héðinn Skarphéðinsson, Keflavík bauð kr. 4.911.000. Bygginganefndin samþykkti á fundi sínum 28. febrúar sl. að taka lægra tilboðinu og var gerður samningur við Hlyn og Valdór s.f. um verkið.
2. Á sama hátt var auglýst útboð í málningu skólahússins að utan. Tvö tilboð bárust í þetta verk, og voru þau opnuð í Almennu verkfræðiskrifstofunni 3. mars sl. Ólafur og Þór h.f., Njarðvík bauð kr. 3.740.000, og Jón Auðunn Viggóson, Garðabæ kr. 4.551.980. Bygginganefnd samþykkti á fundi 6. mars sl. að taka lægra tilboðinu og var gerður samningur við Ólaf og Þór h.f. um verkið. Áður en málað verður, þarf að sprungufylla vegg hússins. Ákvarðanir nefndarinnar voru staðfestar í skólanefnd.

3. Skólameistari skýrði frá að Landsspítalinn, Borgar-
spítalinn og Landakotssspítali hafi um þessar mundir
starfskynningu fyrir nemendur framhalds- og menntaskóla.
Kynnt eru störf hinna ýmsu heilbrigðisstarfsstétta. Þrír
nemendur héðan sóttu vikulangt námskeið á vegum Landsspít-
alans 25.-29. febrúar. Fimm nemendur héðan eru á námskeiði
á vegum Borgarspítalans sem hófst 3. mars og lýkur 7. mars.
Fjórir nemendur héðan eru skráðir á námskeið Landakots-
spítala sem fyrirhugað eru 10.-14. mars, og tveir eru á
biðlista. Sótt hefur verið nokkuð fast að koma nemendum
héðan í slíka starfskynningu í sjúkrahúsi Keflavíkurlæknis-
héraðs, en ekki tekist enn. Samþykkt var að fela skóla-
meistara of formanni skólanefndar að skrifa heilbrigðis-
ráðuneytinu og leita aðstoðar þess í þessu efni.
4. Menntamálaráðuneytinu hefur verið tilkynnt að skólanefnd
Fjölbrautaskólans fallist á þá kostnaðarskiptingu sem
ráðuneytið gerði að skilyrði fyrir áframhaldandi starfsemi
öldungadeildarinnar. Ráðuneytinu hefur verið send allræki-
leg skýrsla um starfsemi deildarinnar. Um mánaðarmótin
janúar - febrúar voru 157 nemendur skráðir í eina eða
fleiri kennslugreinar í öldungadeild.
 - a. 37 stunda fullt nám á önninni og stefna að stúdentsprófi.
 - b. 23 stunda aðeins nám í tveim greinum á þessari önn.
 - c. 97 stunda nám í aðeins einni grein. Þeir stefna ekki
að próflokum á tiltekinni námsbraut, en hyggjast flestir
ljúka námi sem býðst í deildinni í einni eða tveimur
námsgreinum. Þannig leggur t.d. 31 kona eingöngu
stund á fatasaum og um tugur nemenda er eingöngu í
trésmíði.25 nemendur í dagskólanum stunda nám í öldungadeild í
1-2. námsgreinum, sumir sjálfviljugir til þess að hraða námi
sínu, aðrir hafa verið þangað sendir vegna töfluvandkvæða
í dagskólanum. Þessi tala er svipuð og verið hefur undan-
farnar annir.
5. Árni Þorsteinsson, gangavörður, hefur afhent skólanum bóka-
safn föður síns, Þorsteins Árnasonar, trésmiðameistara sem
nú er látinn. Er hér um að ræða rösklega 100 bækur í góðu
bandi. Gerir hann þetta í sínu nafni og allra systkina
sinna, þeirra Vignis, Ingólfs, Sigurbjargar, Gunnars, Hall-
veigar, Þorsteins, Ingveldar, Guðnýjar, Guðrúnar og
Steinunnar. Var samþykkt alúðarþökk fyrir gjöfina.

Í þessu sambandi minntist skólameistari þess að áður hafa skólanum borist ýmsar góðar gjafir, og myndirsíðar gefin skýrsla um það.

6. Skólameistari tjáði, að Örn Erlingsson, skipstjóri vildi gefa kost á ýmsum tækjum úr bát sem hann er að endurbæta - sumt gefins en annað til kaups. Ekki er auðvelt að taka ákvörðun um þetta, fyrst og fremst vegna húsnæðisskorts, en full þörf er á sumum tækjunum. Skólameistari benti í þessu sambandi á að innan skamms megi búast við að nám í málmsmíði verði undanfari vélstjórnarnáms.
7. Skólameistari kynnti "Drög að námsskrá fyrir framhaldsskóla á Norðurlandi" sem ætlað er að taka gildi haustið 1980. Tekur hún að ýmsu leyti mið af Námsvísi Fjölbrautaskóla, en sumt sem þar er fyrirhugað er verulega frábrugðið okkar námskerfi. Skólameistari kvaðst vona að haldin yrði í marsmánuði sameiginleg ráðstefna sunnan- og norðanmanna þar sem reynt yrði að samræma áfangalýsingar þar sem slíkt er gerlegt. Minnti hann á að í sumar þurfi að gefa út Námsvísi fjölbrautaskóla aukinn og endurbættan.
8. Ingólfur Halldórsson skýrði frá undirbúningi að nýrri reglugerð um iðnfræðslu. Drög iðnfræðsluráðs hafa verið til umsagnar hjá stjórnendum iðnfræðsluskóla og sætt mikilli gagnrýni - einkum ákvæði um námstilhögun og einkunnagjöf.
9. Skólameistari ræddi um fyrirsjáanlegan húsnæðisskort á haustið 1980 og taldi brýnt að taka ákvarðanir varðandi húsnæði fyrir verknámskennslu. Einnig lagði hann áherslu á að ljúka þurfi undirbúningi að þeim breytingum sem gera þarf á 1. hæð skólahússins næsta sumar.
10. Skólameistari sagði frá undirbúningi að meistaraskóla sem starfrækja á við Fjölbrautaskólann á Akranesi. Taldi hann sjálfsagt að feta í þessu máli í fótspor Skagamanna. Ingólfur Halldórsson og Sturlaugur Ólafsson voru kosnir til þess að vinna að framgangi þessa máls og undirbúa jafnframt fund verknámskennara og iðnmeistara á Suðurnesjum.

Fleira var ekki gert, og fundi slitið.

Valtýr Guðjónsson, ritari.